

# **[ELDVARNA] bandalagið**

**Kynning á eldvörnum fyrir starfsfólk  
vegna innleiðingar eigin eldvarnaeftirlits  
skýringar með glærum**

### ***Glæra 1-2: Eldvarnir – það er svo mikið í húfi!***

- Ræða um mikilvægi eldvarna og mikilvægan og göfugan tilgang þeirra.
- Eignatjón að meðaltali síðan 1979 – bætt brunatjón.
- Manntjón að meðaltali 1,72 einstaklingar ár hvert síðan 1979.
- *Fara á glæru 2:* Opinberu tölurnar segja ekki alla söguna – sagan/harmleikurinn á bak við hvern eldsvoða.
- Óbætt brunatjón – rask og óþægindi, lykt, vatn, sótt – heilsutjón þótt ekki verði banaslys.
- Áhrif á rekstur fyrirtækja, erfiðleikar og jafnvel gjaldþrot og atvinnumissir.
- Andlegt tjón – missir verðmæta sem ekki fást bætt.
- Svo margar ástæður til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir eldsvoða og hafa réttan viðbúnað.

### ***Glæra 3: Eldvarnabandalagið***

- Eldvarnabandalagið stofnað 2010 í kjölfar þess að ungur maður fórst í eldsvoða – unnið að auknum eldvörnum á heimilum og í fyrirtækjum.
- [eldvarnabandalagid.is](http://eldvarnabandalagid.is)

### ***Glæra 4: Eldvarnir á vinnustað***

- Markmið að auka öryggi starfsfólks, skjólstæðinga og viðskiptavina og draga úr líkum á tjóni á rekstri og eignum.
- Ábyrgð stjórnenda og eldvarnafulltrúa en starfsfólk getur gert margt til að tryggja eigið öryggi og annarra. Ábyrgð okkar allra!

### ***Glæra 5: Flóttaleiðir***

- Meginmarkmið að allir komist heilir út.

- Reglulega þarf að fara yfir frágang við neyðarútganga til að tryggja að aðgengi sé í lagi. Einnig er æskilegt að ganga úr skugga um að bílar geti ekki lagt fyrir neyðarútganga eða fyrir framan stiga þar sem neyðarútgangur er.

***Glæra 6: Myndir, tepptar flóttaleiðir***

***Glæra 7: Mynd: dyr þarf að vera hægt að opna fyrirhafnarlaust***

***Glæra 8: Rýmingaráætlun***

- Rýmingarfulltrúar séu að minnsta kosti á hverri hæð. Manntal sé gert þegar komið er út.
- Tryggja að listi yfir starfsfólk sé aðgengilegur.
- Fræðsla um eldvarnir, ath. Nýtt starfsfólk og afleysingar.
- Áríðandi að halda **verklega æfingu**, prófa að fara út um neyðarútganga t.d. ef stigi er utan á húsi og skoða í leiðinni hvar slökkvitæki og búnaður er.
- Söfnunarsvæði – ath. annað húsaskjól ef þörf krefur vegna veðurs.
- Ekki fara aftur inn fyrr en stjórnandi slökkviliðs segir það óhætt.

***Glæra 9: Eldvarnabúnaður***

- Minnst á að halda brunahólfandi hurðum ekki opnum með fleyg, bandi eða öðru heldur setja segul tengdan brunastöð ef þörf er á að hafa hurð mikið opna.
- Merking eldvarnabúnaðar á vegg fyrir ofan slökkvitæki og brunaslöngur.

***Glæra 10: Mynd, slökkvibúnaður þarf að vera aðgengilegur***

***Glæra 11, mynd: Ekki fleyga eldvarnahurðir - segull***

### ***Glæra 12: Eldvarnir heima***

- Spila myndband og ræða um hve hratt eldur getur breiðst út og orðið óviðráðanlegur fyrir venjulegt fólk. Ekki leggja sig í hættu. Aðalatriðið að allir komist út.
- Ræða um að kannanir Eldvarnabandalagsins og LSS sýna að eldvarnir eru lakari hjá ungu fólk og leigjendum. Hafið auga með þeim, allt í lagi að skipta sér af.
- Minna á að eldsvoði á heimili er ekki bara spurning um eignatjón. Andlegt áfall og mikið rask. Ómetanlegir hlutir geta glatast. Skelfileg lífsreynsla sem enginn vill lenda í.

### ***Glæra 13: Hin heilaga þrenna***

- Við rannsókn á banaslysum aðeins einu sinni verið sannreynt að reykskynjari hafi verið virkur.
- Léttvatns- eða duftslökkvitæki við helstu flóttaleið og í bílskúr. Léttvatn hentar ekki á gas.
- Leiðbeiningar um notkun og viðhald.
- Eldvarnateppi á sýnilegum stað í eldhúsi, ekki svo nærri eldavél að erfitt verði að ná til þess ef eldur kemur upp.

### ***Glæra 14: Reykskynjarar bjarga mannlífum***

- Líftími reykskynjara er 10 ár
- Hafa reykskynjara í þvottahúsi – algengt að kvikni í þurrkurum og þvottavélum.
- Optískir þar sem hættu er á að reykskynjari fari oft í gang eins og við eldhús, í þvottahúsi og í bílskúr.
- Prófa í byrjun aðventu , um páska, þegar komið er úr sumarleyfi, þegar skólar hefjast á haustin.

### ***Glæra 15: Flóttaleiðir og flóttáætlun***

- Loka rýminu þar sem eldur logar ef hægt er.
- Tilkynna 112 – viðbragðstími slökkviliðs getur skipt sköpum.
- Reyna að slökkva án þess að leggja sig í hættu.
- Eldur í blokkaríbúð – loka á eftir sér þegar komið er fram á stigagang.
- Aldrei nota lyftur í eldsvoða.
- Ef eldur í stigagangi – halda sig í íbúðinni og gera slökkviliði vart við sig.

### ***Glæra 16: mynd, eldsvoði frá sígarettuglóð***

### ***Glæra 17: mynd, eldsvoði í svefnherbergi***

### ***Glæra 18: Förum varlega***

- Opinn eldur helsta orsök elds í banaslysum.
- Ekki setja brennanlegt dót ofan á eldavél, t.d. pizza kassa og því um líkt.
- Ekki hafa þvottavél eða uppþvottvél í gangi þegar enginn er heima.
- Ræða sérstaklega raftæki í herbergjum, tölvur, hleðslutæki.
- Algengt að kvikni í út frá matseld, ekki fara frá eldavél eða bökunarofni í notkun.
- Forðast að setja mörg orkufrek tæki á sama fjöltengi og henda lélegum fjöltengjum þar sem sést í víra og þess háttar.
- Ekki skilja logandi kerti eftir án eftirlits.

### ***Glæra 19: Mynd:***

- Leiguíbúð á Akranesi. Kviknaði í uppþvottavél sem var í gangi á meðan mæðgur lögðu sig, Lokuðust inni vegna reyks, þurfti að senda inn reykkafara. Mikil skelfing.
- Tjón uppá þrjár milljónir króna.

***Glæra 20: Mynd***

- Reykskynjari vissulega fyrir hendi en vantaði rafhlöðu sem kostar nokkur hundruð krónur.

***Glæra 21: Förum varlega***

- Halda uppi Handbók um eldvarnir heimilisins. Allar helstu upplýsingar um eldvarnir heima – vinsamlega kynnið ykkur vel!

**Glæra 22:**

- Takk fyrir og gangi ykkur vel!